

Upplýsingar til umsækjenda vegna inntöku í nám á gull- og silfursmíðabraut Hönnunar- og handverksskólans fyrir skólaárið 2010-11

Inntaka í nám á gull- og silfursmíðabraut fer fram í maí-júní ár hvert.

Opnað er fyrir rafrænar umsóknir á vefsíðu Tækniskólans í apríl.

Gull- og silfursmíði er löggilt iðngrein og telst vera á framhaldsskólastigi; því eru ekki sett fram inntökuskilyrði til náms í iðngreininni umfram þau sem koma fram í löggilttri aðalnámskrá framhaldsskóla, gull- og silfursmíði, frá 2005. Nemendur sem innritast í nám í gull- og silfursmíði þurfa þannig að hafa lokið skyldunámi í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og einnig lokaprófum í íslensku og stærðfræði og náð tilskildum lágmarksárangri skv. ákvæðum 2. gr. reglugerðar um innritun nemenda í framhaldsskóla. Þeir nemendur sem hefja nám haustið 2010 verða auk þess að ná lágmarkseinkunn 7 í áfanganum *verkleg gull- og silfursmíði109* eftir haustönnuna 2010 til að halda áfram námi á vorönn 2011.

Meðalnámstími er fjögur ár, samtals fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Til að ljúka námi þarf nemandi að gera samning um starfsnám hjá meistara. Náminu lýkur þá með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Skólaárið 2010-11 er svigrúm til að taka á móti 8 nemendum í nám á gull- og silfursmíðabraut Hönnunar- og handverksskólans.

Vegna mikils fjölda umsókna í námið undanfarin ár hefur inntökunefnd Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans sett fram eftirfarandi vinnureglur til viðmiðunar í inntökuferlinu:

Horft er til frammistöðu og ástundunar í fyrra námi og þess undirbúnings er tengist list-, verk- eða hönnunargreinum sem umsækjandi hefur aflað sér. Umsækjenda er heimilt að leggja fram möppu; hámarksstærð er A-3, sem inntökunefnd mun jafnframt taka tillit til í inntökuferli. **Stærri möppur verða ekki teknar til greina.** Tekið er við möppum á aðalskrifstofu Tækniskólans, Skólavörðuholti.

Mars 2010